

Breiðagerðisskóli
2009 – 2010



7.

Bekkur

Efnisyfirlit

Árganganámskrá.....	3
Kennarar í árganginum.....	3
Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum	3
Nestis og matarmál nemenda	4
Heimanám	5
Starfið í árganginum.....	5
Íslenska	7
Stærðfræði	14
Samfélagsfræði	17
Náttúrufræði og umhverfismennt	20
Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði	23
Enska	25
Danska	27
Lífsleikni	31
Upplýsinga og tæknimennt.....	33
Myndmennt	39
Textílmennt	41
Hönnun og smíði	43
Skólaíþróttir.....	47
Sund.....	49
Sérkennsla	51

Árganganámskrá

Í árganganámskrá 7.bekkjjar kemur fram áætlun um það helsta sem nemendur árgangsins koma til með að læra á skólaárinu. Námskrá árgangsins er samin í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla (2007), stefnu Reykjavíkurborgar og stefnu Breiðagerðisskóla.

Kennarar í árganginum

Guðlaug Ólafsdóttir	umsjónarkennari, íslenska, samfélagsfræði, kristinfræði og trúarbragðafræði
Rannveig A. Guðmundsdóttir	umsjónarkennari, stærðfræði, íslenska,enska, kristinfræði og trúarbragðafræði.
Auður Huld Kristjánsdóttir	tölvur og upplýsingamennt
Birgir Mikaelsson	náttúrufræði
Guðbjörg Garðarsdóttir	bókasafn
Guðmundur Jörundsson	sund
Guðríður Kristín Magnúsdóttir	textílmennt
Halla Leifsdóttir	hönnun og smíði
Kristín Einarisdóttir	myndmennt
Linda Pétursdóttir	danska
Magnea Jóhannsdóttir	lífsleikni
Sigurður Reynir Ragnildarson	íþróttir
Steinunn Þórhallsdóttir	heimilisfræði

Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum

Foreldrafulltrúar eru valdir úr hverjum árgangi og hafa þeir skv. 4.gr. laga Foreldrafélags Breiðagerðisskóla eftirfarandi hlutverk: að starfa með stjórn foreldrafélagsins við að efla og styrkja samstarf við foreldra innbyrðis, vinna

með kennurum við skipulagningu á bekkjarfundum, skemmtunum og öðrum verkefnum. Þannig er leitast við að styrkja innra starf skólans og treysta samband heimila og skóla.

Hefð er í skólanum fyrir tveimur bekkjarskemmtunum að frumkvæði kennara eða bekkjarfulltrúa, á fyrri hluta haust- og vorannar. Foreldrar hafa unnið að jólaskemmtunum með því að koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð.

Í 7. bekk hefur skólinn í samvinnu við foreldra staðið fyrir þorrablóti fyrir nemendur og foreldra/forráðamenn þeirra.

Nestis og matarmál nemenda

Í Aðalnámskrá Grunnskóla, Almennur hluti bls. 16 segir m.a. um menntun, „Almenn menntun felur í sér að leggja í samvinnu við heimilin rækt við heilbrigði og hollar lífsvenjur”. Við skipulag og matseðlagerð í

Breiðagerðisskóla hafa ábendingar frá Lýðheilsustöð verið hafðar að leiðarljósi.

Lýðheilsustöð hefur sett fram heildstæðar ábendingar um almennt matarræði skólabarna. Þar er lögð áhersla á að þau börn sem borða góðan morgunverð heima ætti að nægja ávöxtur, mjólkurglas eða jafnvel vatnsglas í morgunnestinu.

Nemendum í Breiðagerðisskóla gefst kostur á að kaupa hollan og næringarríkan hádegisverð. Þeir geta einnig keypt mjólk í morgun og hádegisnesti.

Breiðagerðisskóli vill í samvinnu við foreldra stuðla að hollum lífsvenjum og vellíðan nemenda. Því viljum við hvetja til þess að börnin komi með ávexti, grænmeti eða brauð með góðu áleggi í morgunnesti. Sætindi eru eingöngu þegar við gerum okkur dagamun og þá með leyfi kennara.

Stefnt er að því að hafa kaffihúsadag a.m.k. einu sinni fyrir jól og einu sinni eftir jól.

Á hverjum fimmtudegi er ávaxta- og grænmetishlaðborð í 7. bekk. Nemendur setja ávextina og grænmetið í stórar skálar og svo gæða nemendur sér á þessu í nestistímanum. Mjög skemmtileg hefð sem stuðlar að bættu matarræði.

Námsmat

Námsmat í 5.-7. bekk skiptist í leiðsagnamat og lokamat.

Leiðsagnarmatið er samofið öllu námi og fer fram jafnt og þétt. Matskvarðar í list-og verkgreinum á miðstigi er tilbúnir og farið er að vinna eftir þeim.

Sjálfsmat er notað nokkrum sinnum á vetri. Sjálfsmatið er sett í vinnubækur eða verkefni sem eru unnar út frá ákveðnum markmiðum. Nemendur gefa sér fyrir bókina áður en þeir skila kennara.

Lokamatið er gefið í tölum. Nemendur fá tvær tölur, annars vegar námseinkunn sem fengin er út úr lokaprófum, könnunum yfir tímabilið, ritgerðum , vinnubókarprófum og öðrum stærri verkefnum. Hins vegar er vinnueinkunn sem fengin er fyrir ástundun í tímum, þátttöku í umræðum, vinnubækur, skil á heimanámi og þátttöku í hópverkefnum ofl. Í list og verkgreinum er unnið út frá matskvarða þar sem markmiðin eru útfærð.

Heimanám

Nemendur fá heimanám einu sinni í viku sem er afhent á miðvikudögum og skilað á mánudögum. Nemendur skrifa sjálfir niður heimanám vikunnar í skóladagbók. Í lesgreinum þarf að lesa valda kafla í hverri viku og það getur verið breytilegt eftir hópum fyrir hvaða daga það er en nemendur skrifa það einnig í skóladagbókina. Merkt er inn á Mentor á mánudögum ef heimanámi hefur ekki verið skilað.

Starfið í árganginum

Í þessum árgangi vinnum við saman sem ein heild. Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum og koma að kennslu allra nemenda. Kennarar hafa sameiginlega umsjón með nemendum og sjá um samskipti við foreldra/forráðamenn þeirra. Nemendum er skipt upp í tvo til þrjá námshópa og einnig er þeim skipt í hópa eftir viðfangsefnum með það að markmiði að allir nemendur kynnist sem best.

Kennarar í 4.-7. bekk halda áfram í þróunarverkefni í samvinnu við Háskólann á Akureyri sem ber heitið „Orð af orði“. Þetta verkefni gengur út á að auka

lesskilning nemenda og efla orðaforða þeirra. Áfram verður unnið með hugtakakort, orð dagsins og orðhluta vinnu. Yndislestur verður á hverjum degi, en þá lesa nemendur í bók að eigin vali í 20 mín. Í vetur verður aðaláherslan í verkefninu á gagnvirkan lestur. Gagnvirkur lestur byggir á að nemendur beini huganum markvisst að efni textans, velti fyrir sér skilningi á efninu í heild og spái fyrir um framhald textans miðað við það sem á undan er komið. Gagnvirkur lestur er í byrjun félagslegt ferli og er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri aðila. Nemendur skiptast á að vera stjórnendur, draga saman aðalatriði textans, spyrja spurninga, velta upp erfiðum orðum og spá fyrir um framhaldið. Þegar nemendur hafa náð tókum á aðferðinni geta þeir beitt henni einir og nýtist aðferðin þeim í öllu námi.

Í september er lagt fyrir nemendur lesskilningspróf og sama prófið verður síðan lagt aftur fyrir nemendur í desember og maí til þess að fá sem gleggsta mynd af árangri nemenda.

Í kennslustundum í íslensku verður árganginum tvisvar í viku skipt upp í smærri hópa í stöðvavinnu með markmið Aðalnámskrár grunnskóla að leiðarljósi. Við þessa vinnu verða aðferðir þróunarverkefnisins orð af orði nýttar og lögð áhersla á samvinnu nemenda.

Nokkrum sinnum yfir veturinn verður unnið að þemaverkefnum. Þá er stundataflan að einhverju leiti brotin upp og unnið að heildstæðum verkefnum. Það eykur fjölbreytni og gefur nemendum tækifæri til að vinna saman. Tvisvar– til þrisvar yfir veturinn vinna nemendur á miðstigi saman að verkefni en einu sinni á vorönn vinna allir árgangar saman. Síðasta föstudag í hverjum mánuði eru öðruvísi dagar en þá breytum við til og komum í furðufötum eða með hatta og þess háttar.

Íslenska

Markmið í íslensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum áherslu á í vetur.

Talað mál og hlustun

Meginmarkmið

Að nemendur:

- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum.
- þjálfist í að lesa upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum og hrynjandi.
- tileinki sér þær reglur sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu og fari eftir þeim.
- geti talað skýrt og áheyrilega við ýmis tækifæri.
- geti farið eftir munnlegum fyrirmælum kennara.
- fylgist með umræðum og taki þátt í þeim

Efnisþættir

Lestur á bundnu og óbundnu máli, hlustun á upplestur nemenda, kennara og af hljóðbók ásamt umræðum um námsefnið.

Leiðir að markmiðum

Nemendur verða þjálfaðir í að kynna verkefni sín fyrir öðrum ásamt því að þeir sýni hver öðrum virðingu með því að hafa kyrrð og næði þegar aðrir tala. Lögð er áhersla á að nemendur hlusti af athygli þegar kennari gefur þeim fyrirmæli um verkefni eða kemur til þeirra mikilvægum skilaboðum. Nemendur verða þjálfaðir sérstaklega í framsögn og upplestri í tengslum við "Stóru upplestrarkeppnina". Nemendur flytja einnig efni á degi íslenskrar tungu, á jólaskemmtun og við bekkjaskemmtanir.

Námsgögn

Ljóðabækur, ýmsir bókmenntatextar og textar í tengslum við námsefnið og hljóðspólur.

Námsmat

Leiðsagnarmat verður notað. Framfarir eru metnar og nemendur látnir vita um þær jafnt og þétt.

Heimanám

Nemendur æfa sig í að lesa upphátt texta fyrir „Stóru upplestrarkeppnina“

Lestur og bókmenntir

Meginmarkmið

Að nemendur

- velji sér bækur eftir áhugasviði og lesi sér til ánægju.
- kynnist mismunandi bókmenntatextum, s.s. skáldsögum, smásögum, þjóðsögum, ævintýrum, goðsögum auk fræðiriti.
- átti sig á nokkrum bókmenntahugtökum s.s. tíma og umhverfi sögu, aðal og aukapersónum, boðskap, söguþræði og sögulokum.
- lesi ljóð og þekki hugtökin ljóðstafir, rím, stuðlar, braglína, noti bækur til að afla sér upplýsinga vegna verkefna.
- Þekki persónugervingu og líkingu og geti notað þau í umfjöllun um ljóð.
- læri að nýta sér dagblöð til öflunar á upplýsingum og verði meðvitaðri um þjóðmálin og umhverfi sitt.

Efnispættir

Yndislestur, upplestur, hljóðlestur, upplýsingaöflun, umræður, orðaforði, lesskilningur, hugtakamyndun.

Leiðir að markmiðum

Nemendur lesa bækur að eigin vali tuttugu mínútur á hverjum degi. Einnig eru lesnir valdir bókmenntatextar og ljóð og nemendur vinna eftir aðferðum gagnvirks lesturs. Þegar nemendur hafa náð tókum á þeirri aðferð verða myndaðir leshringir þar sem nemendum verði skipt niður á ákveðna hópa og lesa hver sömu bók og mun hópurinn kynna sína bók og skila sameiginlegu verkefni í lokin. Bókmenntir og saga verða samþættar að einhverju leiti. Nemendur skrifa eina bókmenntaritgerð og nota við þá vinnu bókmenntahugtök sem verið er að fara í. Dagblaðaverkefni verður unnið í samvinnu við Morgunblaðið. Nemendur fá blöðin í skólann, lesa þau og vinna verkefni tengd þeim.

Námsgögn

Grænkápa, frjálslestrarbækur, dagblöð, valin ljóð og bókmenntatextar.

Námsmat

Leiðsagnarmat er gefið jafnt og þétt yfir námstímann það er framkvæmt með þeim hætti að ástundun og virkni nemenda er skoðuð jafnt og þéttog það rætt við við nemendur. Auk þess er notað sjálfsmat nemenda, en þá meta nemendur verkefni sín út frá fyrirframgefnum markmiðum. Lokamat skiptist í vinnueinkunn og námseinkunn. Vinneinkunn er byggð á ástundun og vinnubókum . Námseinkunn byggist á könnunum og ritgerð.

Heimanám

Nemendur eiga að lesa bækur að eigin vali a.m.k. tuttugu mínútur á dag. Á vorönn lesa nemendur skáldsögu sem þeir nota til að skrifa bókmenntaritgerð.

Ritun

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti tjáð hugsanir og skoðanir sínar í rituðu máli og samið eigin texta.
- geti dregið saman aðalatriði úr texta og skráð niður.
- nái valdi á uppbyggingu ritgerða, geti notað upphaf, meginmál og lokaorð.
- noti fjölbreyttan orðaforða, skrifi skipulega frásögn, rétt stafsetta.
- hafi náð góðum skrifarhraða og geti skrifað skýrt og læsilega.

Efnisþættir

Útdrættir, ritgerð, tengiskrift, uppsetning texta, sögu- og ljóðagerð.

Leiðir að markmiðum

Nemendur munu skrifa texta þar sem unnið verður með orðhluta og lykilatriði þannig þjálfast nemendur í að draga saman aðalatriði úr lengri textum og skrá hann niður. Unnið verður með ákveðin orðaforða sem nemendur eru að vinna með og hann notaður sem uppistaða í nýjan texta. Þannig þjálfast nemendur í að nota fjölbreyttan orðaforða á margvíslegan hátt. Nemendur skrifa texta eftir hefðbundnu ritunarferli þ.e. með upphafi, meginmáli og lokaorðum. Ritun verður samþætt samfélagsfræði, kristinfræði og trúarbragðafræðum. Nemendur munu skrifa eina kjörbókaritgerð í tengslum við bókmenntakennsluna. Nemendur skrifa í forskriftarbækur. Lögð er áhersla á vandaða skrift í öllum skriflegum verkefnum.

Námsgögn

Ýmis verkefni, veraldarvefurinn og bækur af bókasafni.

Námsmat

Leiðsagnarmat er samofið kennslunni og er notað til að örva og virkja nemendur við námið. Það er gert með viðræðum við nemendur um námið.

Leiðsagnamat verður notað og munu nemendur fá umsagnir um vinnu fyrir ritunarverkefni og skrift.

Vinnueinkunnin byggir á vinnu nemenda í tímum, virkni og ástundun og mati á vinnubók.

Lokamat verður í vor og byggir það á bókmenntaritgerð sem verður unnin á nokkrum vikum í skóla.

Heimanám

Ekkert heimanám.

Málfræði og stafsetning

Meginmarkmið

Að nemendur

- þekki nafnorð úr texta og þekki kyn, tölu og fall.
- þekki sagnorð úr texta og þekki nútíð, þátíð, nafnhátt, persónu og tölu sagnorða.
- þekki lýsingarorð úr texta og þekki kyn, tölu og fall lýsingarorða og geti stígbreytt þeim.
- þekki töluorð, upphrópanir og hlutverk þeirra
- þekki fornöfn, persónu- og spurnarfornöfn.
- þekki stofn sagnorða, nafnorða og lýsingarorða og geti nýtt sér það í stafsetningu.
- þekki frumlag og umsögn í setningum.

- þekki mun á beinni og óbeinni ræðu.
- læri helstu reglur í stafsetningu

Efnisþættir

Málgreinar, sérhljóðar, samhljóðar, stafrófið, rím, samnöfn, sérnöfn, samheiti, andheiti, kyn, tala, fall, nafnorð, lýsingarorð, sagnorð, orðtök og málshættir. Stafsetningareglur.

Leiðir að markmiðum

Nemendur vinna munnlega og skriflega að verkefnum í tengslum við framangreind atriði. Í stafsetningu er farið yfir allar helstu stafsetningareglurnar og nemendur þjálfaddir í að nýta sér þær. Lögð er áhersla á að nemendur nýti stafsetningareglurnar við vinnu í öðrum námsgreinum. Nemendur vinna hugtakakort út frá helstu atriðum og hugtökum málfræðinnar.

Námsgögn

Málrækt 3, Skrudda 1 og 2. Mál er miðill, Orðhákur, ýmis verkefni, kennsluforrit, veraldarvefurinn, bækur af bókasafni.

Námsmat

Leiðsagnarmat er samofið námi nemenda og er tilgangur þess að örva nemendur og hvetja. Það er gert með viðræðum við nemendur um vinnu þeirra og ástundun ásamt sjálfsmati. Sjálfsmatið er notað nokkrum sinnum yfir veturinn og munu nemendur þá meta verkefni sín út frá fyrirfram gefnum markmiðum.

Lokamatið skiptist í námseinkunn og vinnueinkunn. Vinnueinkunn byggist á virkni í tímum og vinnubók. Námseinkunn byggir á könnunum yfir tímabilið og prófi í janúar og maí.

Heimanám

Nemendur skrá heimavinnu í skóladagbók og vinna í vinnubækur valin verkefni.

Stærðfræði

Markmið í stærðfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemandi

- verði sjálfstæður, skipulagður og vandvirkur í vinnubrögðum
- temji sér að spyrja spurninga um verkefnin til að öðlast betri skilning
- fáist við stærðfræðileg hugtök og læri að nota táknmál stærðfræðinnar
- nái góðu valdi á undirstöðuatriðum stærðfræðinnar og treysti á getu sína fyrir frekara stærðfræðinám
- geti tjáð sig um aðferðir sínar og lausnir í töluðu máli og rituðu
- öðlist jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar og kynnist skemmtigildi hennar
- nái tókum á: samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu.
- viti að samlagning og frádráttur eru andhverfar aðgerðir
- viti að margföldun og deiling eru andhverfar aðgerðir
- kunni skil á deilingu með afgangi
- kynnist neikvæðum tölum
- geti lagt saman og dregið frá með neikvæðum tölum
- spreyti sig á þrautum og orðadæmum
- geti notað vasareikni
- nái tókum á lestri og skráningu tugabrota, almennra brota, prósentu og hlutfalla
- geti raðað almennum, tugabrotum og prósentum eftir stærð og samhengi
- geti breytt einföldum almennum brotum í tugabrot og prósentur
- geti lagt saman og dregið frá einföld brot

- nái tókum á eftirfarandi þáttum í rúmfræði: ummáli, flatarmáli, hornamælingum, þvermáli og geisla hrings, tví- og þrívíðum formum
- öðlist þjálfun með gráðuboga og hringfara
- vinni með gagnasöfn og þekki meðaltal, miðgildi og líkur
- geti lesið upplýsingar úr töflum og notað þær við útreikninga
- geti breytt á milli mælieininga

Efnisþættir

Talnaleikni, gráður og horn. Reikniaðgerðirnar fjórar: samlagning, frádráttur, margföldun og deiling. Almenn brot, tugabrot og prósentur. Tölfræði, líkur, meðaltal og miðgildi. Rökhugsun, tvívíð form og þrívídd, flatarmál og rúmmál. Mynstur og algebra. Neikvæðar tölur, þrautir og orðadæmi. Hlutföll og hnitakerfi.

Leiðir að markmiðum

Stefnt verður að því að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Hluti kennslunnar fer fram sameiginlega í bekknum með innlögn og samantekt. Nemendur fá síðan góðan tíma til úrvinnslu, einir eða með öðrum. Stór hluti námsins fer fram í samvinnu nemenda í litlum hópum og eru þá umræður afar mikilvægar. Unnið verður með hugtök stærðfræðinnar þar sem nemendur nýta sér hugtakakort og vinna saman að þeim. Þessi vinna verður samofin íslenskukennslunni. Einnig eru leikir gagnleg kennsluáferð og verður nýtt að einhverju leiti.

Námsgögn

Grunnbækur: Geisli 3 og vinnubækurnar 3A og 3B. Ítarefni útbúið af kennara eftir því sem þörf er á.

Önnur námsgögn: Tölvuvinna (forrit, stærðfræðivefir), ítarefni frá kennara og þrautir.

Námsmat

Leiðsagnarmat er gefið jafnt og þétt yfir námstímann og er það gert til að örva og hvetja nemendur. Það er gert með viðræðum við nemendur um námið og ástundun og virkni í tímum ásamt sjálfsmati nemenda. Til að gefa traustar upplýsingar þarf að taka tillit til margra þátta og nota fjölbreyttar leiðir.

Leiðsagnamat eru munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, stuttar afmarkaðar æfingar. Verkefnin eru hvort tveggja einstaklingsverkefni og hópverkefni.

Lokamatið er gefið í tveimur einkunnum. Námseinkunn, sem byggir á tveimur könnunum sem lagðar verða fyrir á fyrri önn og miðsvetrarpróf í janúar.

Vinnueinkun, sem byggir á virkni, áhuga, framförum og heimavinnu. Einnig er metin vinnubók nemenda. Mikilvægt er að nemendur vandi vinnubrögð. Sama fyrirkomulag verður á vorönn.

Heimanám

Nemendur skrá heimavinnu í skóladagbók og vinna valin verkefni.

Samfélagsfræði

Markmið í samfélagsfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur

Landafræði

Meginmarkmið

Að nemendur:

- öðlist þekkingu á löndum Evrópu, landsháttum, menningu, siðum og venjum.
- efla skilning á landfræðilegum hugtökum og þjálfist í lestri korta og grafa.
- verði færari í afla sér upplýsinga á sjálfstæðan hátt.

Efnisþættir

Bók lesin, verkefni unnin í tengslum við hana, kortalestur, þemaverkefni.

Leiðir að marmiðum

Landafræði er kennd á haustönn. Áhersla er lögð á að vinna með lykilhugtök landafræðinnar í tengslum við landakort. Einnig verður unnið með hugtök landafræðinnar þar sem nemendur nýta sér hugtakakort og vinna saman að þeim. Þessi vinna verður samofin íslenskukennslunni. Verkefni verða bæði unnin einstaklingslega og í hópum. Nemendur nota einnig veraldarvefinn og dagblöð til að afla sér upplýsinga. Við upplýsingaöflun nýta nemendur sér aðferðir gagnvirks lesturs. Unnið verður með höfuðborgir Evrópu og þekktu staði með söguaðferð.

Námsgögn

Evrópa álfan okkar, kortabækur, myndbönd, dagblöð, handbækur um landafræði, kennsluforrit og veraldarvefurinn.

Námsmat

Leiðsagnarmat er notað jafnt og þétt og er það samofið öllu námi nemenda. Það er gert með viðræðum við nemendur um námið og sjálfsmati. Sjálfsmatið er notað nokkrum sinnum yfir skólaárið og meta nemendur þá vinnubækur sínar út frá markmiðum sem eru fremst í vinnubókinni.

Lokamat skiptist í námseinkunn og vinnueinkunn.

Vinnueinkunn byggist á vinnubók, virkni og ástundun í tímum.

Námseinkunn byggist á kynningu á þemaverkefni og prófi úr afmörkuðu efni.

Heimanám

Nemendur skrá heimavinnu í skóladagbók. Þeir lesa heima fyrir suma tímana og vinna í vinnubækur valin verkefni.

Íslandssaga

Meginmarkmið

Að nemendur:

- fái innsýn í sögu Íslands frá Gamla sáttmála árið 1262 fram til 1800.
- fái innsýn í stöðu Íslands í heiminum og tengsl þjóðarinnar við nágrannaþjóðir og menningarstrauma á þessum tíma.
- fái innsýn í hugmyndafræði sem var ríkjandi á þessum tíma og setji það í samband við atburði í sögu þjóðarinnar.
- fái skilning á sögu landsins og skilji að sú þekking hefur gildi fyrir líf okkar í dag.

Efnisþættir

Lestur, umræður, verkefnavinna og hópavinna.

Leiðir að markmiðum

Íslandssaga er kennd á vorönn. Fjallað verður um stjórnsmál þessa tímabils, erlent konungsvald, atvinnuhætti, siðaskiptin og trúarátök. Einnig um einokunarverslunina, handritasöfnun, þéttbýlismyndun, upphaf Reykjavíkur, daglegt líf landsmanna á þessu tímaskeiði. Lögð er áhersla á að efla skilning nemenda á að stefnur og straumar í heiminum hafi áhrif hér á landi. Því verður fjallað um erlend ríki og menningarstrauma sem höfðu áhrif hér og tengsl Íslands við önnur lönd.

Tímabilinu verður skipt í aldir og verður unnið með aldirnar með söguaðferð. Nemendur kynna verkefni sín hvert fyrir öðru. Nemendur nýta sér aðferðir gagnvirks lestur við upplýsingaöflun og einnig nýta þeir veraldavefinn. Unnið verður með lykilhugtök í íslenskutímum og sögulegar skáldsögur sem byggja á atburðum þessa tímabils kynntar og lesið úr þeim í bókmenntatímum.

Námsgögn

Sjálfstæði Íslendinga 2, Ein grjóthruða í hafinu, ýmsar handbækur, Söguatlas, Öldin okkar og efni af veraldarvefnum.

Námsmat

Leiðsagnarmat verður notað jafnt og þétt yfir tímabilið. Einnig munu nemendur nota sjálfsmat við að meta samvinnu og þátttöku sína í hópverkefnum og umræðum í kennslustundum.

Lokamat skiptist í námseinkunn og vinnueinkunn.

Vinnueinkunn fá nemendur fyrir vinnu sína yfir tímabilið en þar er metin vinna í tímum, þátttaka í hópverkefni og þátttaka í umræðum. Námseinkunn byggist á kynningu þemaverkefnisins og prófi úr afmörkuðum námsþáttum.

Heimanám

Nemendur lesa heima fyrir suma tímana og vinna valin verkefni.

Náttúrufræði og umhverfismennt

Markmið í náttúrufræði og umhverfismennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- auki orðaforða sinn og skilning á hugtökum í náttúrufræði,
- átti sig á samspili manns og náttúru .
- þekki og skilji nokkrar grunvallarkenningar í eðlis-, efna- og líffræði og áhrif þeirra fræða á lífshætti okkar
- geri sér grein fyrir áhrifum heilbrigða lifnaðarháttá á líf sitt og líðan.
- þroski með sér virðingu fyrir lífi, náttúru og umhverfi.
- geti tekið á viðfangsefnum námsins með skipulegum hætti hvort heldur er í hópstarfi eða einir sér.
- geti gert grein fyrir niðurstöðum athuganna sinna á skipulegan hátt munnlega og skriflega.

Efnisþættir

Úr lífvísindum

- Nýru, þvagfæri, taugakerfið, sjón, heyrn, bragð, lykt og tilfinningu., æxlunin, kynþroskaskiðið, fíkniefni og að eldast
- skilji að einstaklingar þroskast mishratt og slíkur einstaklingsmunur er eðlilegur.
- átti sig á mikilvægi heilbrigðra lifnaðarháttá.
- læri um mismunandi einkenni lífvera eftir því umhverfi sem þær búa í.
- þekki mismunandi gróðurlendi, einkennisplöntur og einkenni fugla hvers svæði.

Úr jarðvísindum

- Áhrif hafs og hafstrauma, veðurkort, hafið, mótunaráhrif jökla og áa, jarðvegseyðing og úrræði, jarðskjálftar, flokkun eldstöðva.

Úr eðlisvísindum

- Nemendur kynnist massa, rúmáli, eðlismassa, varðveislu massa, ham efnis, leysni, hitaþenslu.

Leiðir að markmiðum

Nemendur æfa sig í að lesa og ná upplýsingum úr texta, svara beinum spurningum úr textanum og einnig að draga ályktandir af því sem þeir hafa lesið. Þarna vinna nemendur einstaklingslega.

Nemendur fara í vettvangsferðir, gera athuganir á umhverfinu og vinna úr niðurstöðum. Unnið bæði í hóp og einstaklingslega. Nemendum skipt í hópa og hópurinn skiptir með sér verkum.

Nemendur vinna í hóp, afla sér upplýsinga í bókum, af veraldarvefnum og með viðtölum. Þeir birta niðurstöður sínar munnlega, skriflega, myndrænt og kynna vinnu sína fyrir hvert öðru. Nemendur vinna í hópum, gera tilraunir, skrá skipulega nafn tilrunar, tæki og efni sem eru notuð við tilraunina, gang tilraunarinnar og niðurstöður. Einnig skrá nemendur eigin hugleiðingar um tilraunina (hvað kom á óvart o.s.frv.)

Námsgögn

Líkami mannsins bls. 32-62 í lestrarbók og vinnubók samhliða lesbókinni. Auðvitað 3 lesbók, ítarefni frá kennara, vettvangsferð, efni af veraldarvef, fræðibækur og fræðirit tengd efninu.

Lífríki á landi, ítarefni frá kennara, handbækur, tölvuforrit, myndbönd, efni af veraldarvefnum.

Námsmat

Leiðsagnarmat er gefið jafnt og þétt yfir námstímann og er það gert til að örva og hvetja nemendur. Það er gert með viðræður við nemendur um námið og ástundun og virkni í tímum ásamt sjálfsmati nemenda. Til að gefa traustar upplýsingar þarf að taka tillit til margra þátta og nota fjölbreyttar leiðir.

Leiðsagnamat eru munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir. Verkefnin eru hvort tveggja einstaklingsverkefni og hópverkefni.

Lokamatið er gefið í tveimur einkunnum.

Námseinkun, sem byggir á tveimur prófum sem lögð verða fyrir á fyrri önn.

Vinnueinkun, sem byggir á virkni, áhuga og framförum. Einnig er í vinnueinkun skýrslur og vinnubækur þar sem nemendur hafa unnið verkefnin í. Þar er mikilvægt að nemendur vandi vinnubrögð. Sama fyrirkomulag verður á vorönn.

Heimanám

Nemendur skrá heimavinnu í skóladagbók. Þeir lesa heima fyrir tímana og vinna í vinnubækur verkefni ef þeir hafa ekki náð að klára í skólanum.

Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Markmið í kristinfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist þekkingu á trúarlegum efnum
- öðlist siðferðilegan og félagslegan þroska
- fræðist um kristna trú og meginboðskap kristindóms
- kynnist ýmsum trúarbrögðum

Efnisþættir

Saga Ísraels verður rakin frá því að ríkið klofnaði í tvö ríki fram að herleiðingunni til Babýlon. Nemendum verður sögð saga nokkurra spámanna, ásamt hlutverki þeirra og boðskapi. Nemendur fá einnig innsýn um síðustu árin fyrir Krist (frá 870 f.kr. til fæðingar Jesú Krists). Nemendur fá fræðslu um útbreiðslu kristinnar í Róm. Þeir fræðast um starf Páls postula, siðaskiptin og Marteín Lúter og fá einnig fræðslu um táknmál kristinnar.

Nemendur fá kynningu á öðrum trúarbrögðum eins og Búddha, Hindúatrú og Isalm.

Leiðir að markmiðum

Unnið verður þemaverkefni um trúarbrögðin. Nemendum verður skipt í hópa og vinna þeir heildstætt verkefni um viðfangsefni hópsins. Nýttar verða aðferðir gagnvirks lesturs við upplýsingauppöflun. Nemendur afla einnig upplýsinga á netinu og með viðtölum við aðila trúfélaga. Nemendur setja niðurstöður verkefna fram með fjölbreyttum hætti og kynna þau hvert fyrir öðru.

Námsgögn

Upprisan og lífið. Smábækurnar Islam, Hindúatrú og Búddhatrú, myndbönd og veraldarvefurinn.

Námsmat

Leiðsagnarmat er samofið öllu náminu og er tilgangurinn að virkja og örva nemendur við námið. Það fer fram í viðtölum við nemendur um námið og með sjálfsmati nemenda. Nemendur meta frammistöðu sína og hópsins. Vinna nemenda verður metin út frá gátlista sem verður kynntur nemendum í upphafi verkefnisins. Vinnueinkunn nemenda byggir á þeim þáttum. Námseinkunn byggir á útfærslu og kynningu verkefnisins.

Heimanám

Af og til eiga nemendur að lesa valda kafla úr námsefninu.

Enska

Markmið í ensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti skrifað einfaldan texta frá eigin brjósti.
- geti tjáð sig út frá orðaforða sem unnið hefur verið með.
- geti lýst í meginráttum því sem hann hefur lesið eða heyrt.
- geti lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldaðar bækur og fræðsluefni fyrir börn.
- geti beitt eftirtöldum málfræðiatríðum: Nafnorðum, lýsingarorðum, tíðum sagna og greini.
- fá innsýn í menningu og siði enskumælandi þjóðar.

Efnisþættir

Spurnarfornöfn, fleirtala, óákveðinn greinir, ákveðinn greinir, lýsingarháttur nútíðar, þátíð, sögnin að vera, stigbreyting lýsingarorða, forsetningar, eignarfornöfn, persónufornöfn, þátíð óreglulegra sagna. Þýðing texta yfir á íslensku og yfir á ensku. Nemendur fá léttlestrarbók og vinna verkefni tengd henni.

Leiðir að markmiðum

Nemendur hlusta á upplestur af hljóddiski og vinna verkefni samhliða lestri. Nemendur lesa texta á ensku og vinna með hann t.d. að þýða hann, finna orð sem eru í þátíð o.s.frv. Þeir vinna málfræðiæfingar í vinnubók og í stílabók.

Einnig eru ýmis ítarefni unnin í stílabók og á ljósrituðum blöðum frá kennara. Áhersla verður lögð á hlustun, talað mál, ritun og lestur.

Námsgögn

Nemendur vinna einkum í les- og vinnubókinni Build Up 2. Ljósrituð verkefni og ítarefni frá kennara.

Námsmat

Til að gefa traustar upplýsingar þarf að taka tillit til margra þátta og nota fjölbreyttar leiðir við að meta nám.

Leiðsagnarmat verður notað til að virkja nemendur og örva við námið. Það er gert í viðtölum við nemendur og með sjálfsmati sem lagt er fyrir nemendur nokkrum sinnum ári. Lokamatið er gefið í tveimur einkunnum , námseinkunn og vinnueinkunn. Vinnueinkunnin byggir á virkni í tímum og vinnubók. Námseinkunnin byggir á könnunum yfir tímabilið.

Heimanám

Nemendur skrá heimavinnu í skóladagbók og vinna í vinnubækur valin verkefni.

Danska

Markmið í dönsku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- skilji þegar töluð er danska á skíru og einföldu máli um efni sem tengist daglegu lífi þeirra.
- geti skilið einfaldar leiðbeiningar og upplýsingar til dæmis í tali kennara.
- geti lesið stutta texta án þess að skilja þá til fullnustu í þeim tilgangi að finna ákveðnar upplýsingar (leitarlestur).
- geti skilið til fullnustu stutta valda texta sem fjalla um efni sem þeir þekkja.
- geti myndað einfaldar setningar.
- geti myndað og svarað einföldum spurningum út frá orðaforða sem unnið hefur verið með.
- geti heilsað, kynnt sig og þakkað fyrir sig og afsakað sig með viðeigandi orðalagi.
- geti skrifað stutta texta eins og póstkort svo dæmi sé nefnt.
- læri undirstöðuatriði í málfræði.

Efnisþættir

Nemendur læra danska stafrófið og framburð þess, algeng orð tengd fjölskyldunni –til dæmis nafn, aldur, þjóðerni, fjölskylduheiti o.s.frv., dönsku tölustafina (1-100), vikudagana, árstíðirnar, klukkuna, ýmis líkamsheiti, fataheiti, litina, matarheiti, orðaforða tengdum heimili og skóla, undirstöðuatriði í danskri málfræði. Nemendur hlusta á tónlist og læra dönsk sönglög, hlusta á

danskar sögur/texta (af bókum og hljóðsnældum) og skrifa stutta texta eftir upplestri.

Leiðir að markmiðum

Nemendur vinna með færniþættina fjóra: Hlustun – Talað mál – Skrift – Lestur. Nemendur æfa sig í að lesa og ná upplýsingum úr texta, svara beinum spurningum úr textanum og draga ályktanir af því sem þeir hafa lesið. Þeir taka virkan þátt í umræðum. Nemendur vinna einstaklingslega sem og í hópum ýmis verkefni. Þeir birta niðurstöður sínar munnlega, skriflega og myndrænt og kynna vinnu sína hver fyrir öðrum. Nemendur glósa eftir kennara. Unnið verður með samvinnunám, þar sem nemendur vinna saman að lausn verkefna en hafa hver sitt hlutverk í hópnum. Nemendur þjálfast þannig í að ræða saman á dönsku, spyrja hver annan spurninga og svara í heilum setningum(nöfn, heimili, þjóðerni, aldur og fleira). Þeir lesa ólesinn texta með það í huga að finna ákveðnar upplýsingar. Þeir fá þjálfun í að leita að ákveðnum upplýsingum. Mikil áhersla er lögð á að þjálfarar nemendur að leita í dönsk- dönskum orðabókum. Notað er hlítarnám þegar undirstöðuatriði málfræðinnar eru kennd. Þá er endurtekið unnið með ákveðin málfræðiatriði þar til nemendur hafa tileinkað sér þau betur. Mikil áhersla er lögð á textavinnu þannig að nemendur verði færir um að skrifa einfalda texta á póstkort og þýða einfalda texta af íslensku yfir á dönsku og öfugt. Einnig vinna nemendur hugtakakort út frá helstu atriðum og hugtökum málfræðinnar. Nemendur hlusta á upplestur af hljóðdiski og vinna ýmis verkefni tengd því. Þeir vinna málfræðiaefingar í vinnubók og í stílabók. Ýmis konar ítarefni er unnið í stílabók og á ljósrituð blöð frá kennara.

Námsgögn

Námsbókin Klar Parat, vinnubækur frá kennara, minnisbækur nemenda, hljóðspólar með sögum og söngvum og myndbönd á dönsku.

Námsmat

Það mun byggjast á eftirfarandi þáttum:

Leiðsagnarmat:

Lögð áhersla á virkni nemenda og að örva þá við námið. Nemendur meta vinnu sína sjálfir tvisvar á ári. Það gera þeir á sjálfsmatsblöðum sem þeir fá afhent. Nemendur meta sig sjálfir og líma að lokum inn í vinnubækur sínar.

Lokamat:

Lokamat er gefið í tveimur einkunnum, námseinkunn og vinnueinkunn. Vinnueinkunnin byggir á virkni í tímum og vinnubók. Námseinkunnir byggir á könnunum yfir tímabilið. Námsmatið í dönsku skiptist því þannig:

Vinnueinkunn:

Á skilum og frágangi á heimavinnu og í minnisbók, ástundun í tímum, þátttöku í hópverkefnum ofl.

Námseinkunn:

Á áfangaprófum/kaflaprófum.

Miðsvetrarpróf (janúar)

Vorpróf (maí)

Haustönn:

Vinnueinkunn:

Vinnuframlagi í kennslustundum	30 %
Vinna í heimavinnustund og heima.	30 %
Minnisbók –vinnubók (stílabók og D bog)	40 %

Námseinkunn

Könnun I (október)	30 %
Könnun II (nóvember- hjálpargögn leyfð)	30 %
Lokapróf á haustönn (janúar)	40 %

Vorönn:

Vinnueinkunn

Vinnuframlag í kennslustundum	30 %
Vinna í heimavinnustund og heima.	30 %
Minnisbók – vinnubók (stílabók og D bog)	40 %

Námseinkunn

Könnun I (mars - hjálpargögn leyfð)	40 %
Lokapróf á vorönn (maí)	60 %

Heimanám

Gert verður ráð fyrir heimanámi ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum. Einnig skrifa nemendur stíla einstaka sinnum og fara þá heim með stílabækur og verkefnabækur til að geta unnið þá heima.

Lífsleikni

Markmið í lífsleikni er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að takast á við lífið á ábyrgan hátt.
- tileinki sér félagslega færni og hvaða ábyrgð því fylgir að vera þátttakandi í lýðræðislegu þjóðfélagi, tilheyra fjölskyldu og eiga vini og félag.
- rækti með sér þann hæfileika að vinna með öðrum og setja sig í spor annarra.
- kynnist markvissri námstækni, tímastjórnun og hvernig hægt er að nota markmið til að ná því sem stefnt er að.
- geri sér grein fyrir kostum þess að vera reyklus.
- geri sér grein fyrir skaðsemi áfengis og annarra vímuefna
- þjálfist í framsögn og því að koma fram fyrir hópi.
- þekki það skólaumhverfi sem bíður þeirra í Réttarholtsskóla.

Efnisþættir

Samskipti og reglur. Kennsla í námstækni. Þjálfun í að hlusta á skoðanir annarra og virða þær. Umfjöllun um heilbrigðar lífsvenjur. Grunnatriði ræðumennsku. Undirbúningur undir skólaskipti að lokinni veru í Breiðagerðisskóla.

Leiðir að markmiðum

Bein kennsla, umræður, ýmsir leikir, hópvinna, einstaklingsvinna, hlutverkaleikir, myndbönd og vettvangsheimsóknir.

Námsgögn

Valin verkefni frá kennurum tengd framangreindum markmiðum.

Námsmat

Leiðsagnarmat sem byggist á virkni, vinnubrögðum, frágangi og hegðun.

Nemendur fá umsögn í viðtali.

Upplýsinga og tæknimennt

Markmið í upplýsinga og tæknimennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Tæknilæsi og viðhorf

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist færni og þekkingu í vinnubrögðum til að nýta sér tölvu og upplýsingatækni í samfélaginu.
- tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunnar
- venjist upplýsingatækni og tölvunotkun sem eðlilegum þætti náms
- venjist því að nota upplýsingatækni til framsetningar á efni, bæði prentuðu og á rafrænu formi
- hafi raunhæfar væntingar til tölvu og upplýsingatækni

Tölvulæsi

Meginmarkmið

Að nemendur

- hafi öðlast grundvallarfærni við að nota helstu ílags- og frálagsstæki tölvunnar
- geti sett upp einfaldan hugbúnað
- geti sett fram eigin stiklutexta
- geti beitt þeim leitaraðferðum sem algengustu tölvukerfi bjóða upp á
- geti geymt eigin upplýsingar á tölvutæku formi með skipulögðum hætti skilji hlutverk algengs stýrikerfis í einkatölvu og sé sjálfbjarga um viðhald þess

- geti kynnt sér nýjan hugbúnað og viðhaldið honum eftir því sem við á
- geti beitt tölvutækni við upplýsingaleit

Beiting tölva

Meginmarkmið

Að nemendur

- hafi unnið með kennsluforrit til nánari útfærslu á námsefni í öllum greinum
- hafi notað tölvu til að semja eigið efni
- hafi notað margmiðlunarefni til að bæta við eigin þekkingu og til skemmtunar
- hafi unnið sjálfstætt og markvisst að öflun og úrvinnslu upplýsinga með
- upplýsingatækni og miðlað þeirri þekkingu til annarra
- hafi átt tölvusamskipti í markvissum tilgangi
- hafi sett upp margþætt skjöl í ritvinnslu
- hafi kynnst mismunandi hugbúnaði og gert sér grein fyrir notagildi hans
- hafi notað myndræna framsetningu á tölvutæku efni
- geti brotið um í tölvu einfaldan texta með myndum s.s. einfaldan bækling
- geti búið til einfaldar heimasíður
- kunni að vista skjöl og ná í vistuð skjöl
- geti tekið myndir á myndavél og kunnað með þær að fara
- geti skeytt saman texta, mynd og hljóði á tölvutæku formi
- kunni meðferð á myndum og texta af geisladiskum og af Neti,
- geti sett inn myndir, gröf og töflur í texta

Tækniskilningur

Meginmarkmið

Að nemendur

- hafi öðlast skilning á því að tölvusamskipti felast í merkjaflutningi milli tölva um símalínur

Efnisþættir

Þjálfun fingrasetningar, Word ritvinnsla, PowerPoint, publisher, Internetið, geisladiskar og ýmsir kennsluvefir og leitarvélar.

Leiðir að markmiðum

Nemendur fá eina kennslustund á viku í tölvuveri allan veturinn . Á kennslusvæði þeirra eru nokkrar tölvur þar sem ýmis vinna með bekkjarkennurum fer fram sem tengist námsgreinum. Flest verkefnavinna er tengd námsgreinum og miðast við getu hvers og eins. Verkefni eru lögð fram skriflega þar sem kemur fram hvað á að gera og til hvers er ætlast af nemendum. Aðstoð er veitt hverjum og einum eftir þörfum.

Námsgögn

Námsgögn eru kennsluforrit gefin út af Námsgagnastofnun, kennslu- og fræðsluvefir frá Námsgagnastofnun og ýmsum fyrirtækjum og stofnunum. Auk þess hefðbundin Microsoft office forrit.

Námsmat

Leiðsagnarmat er samofið öllu námi og er tilgangur þess að örva og hvetja nemendur við námið. Það er gert með viðtölum við nemendur og sjálfsmati. Lokamat er gefið í námseinkunn og vinnueinkunn. Vinnueinkunn byggir á virkni í tímum, uppsetningu verkefna og sjálfstæði í vinnubrögðum. Námseinkunn byggist á lokaverkefni þar sem metið er hvaða markmiðum nemendur hafa náð.

Heimanám

Ekki er ætlast til þess að nemendur vinni heima en það er í boði að þeir sendi sér verkefni heim í tölvupósti.

Upplýsingalæsi Meginmarkmið

Að nemendur

- geti leitað að gögnum, fræðsluefni sem öðru eftir flokkunarkerfi skólasafnsins (Dewey)
- kunni á leitar- og útlánkerfi safnsins
- kunni að leita í helstu handbókum; alfræðiorðabókum, fræðibókum
- þekki helstu leitarmöguleika á netinu
- hafi tök á leitarlestri – yfirlitslestri – ítarlestri við heimildaöflun
- geti fundið lykilorð í texta, kunni að skipuleggja heimildavinnu. Það felur í sér að nemandi geti mótað spurningar út frá efni og skilgreint hvaða upplýsinga er þörf. Valið upplýsingaveitur, aflað heimilda og flokkað. Varðveitt heimildir á skipulegan hátt, unnið úr upplýsingum, gert grein fyrir niðurstöðum sínum, skráð heimildalista, vitnað í heimildir
- séu hvattir til lesturs

Efnisþættir

Flokkunarkerfi, útlánakerfi, bækur, lestur, heimildaöflun, lykilorð, upplýsingaveitur, heimildalisti, lestur, hvatning.

Leiðir að markmiðum

Kennsla í menningar- og upplýsingalæsi er samofin og fer fram á bókasafninu. Hvert efni er rætt og kynnt og unnið út frá því. Upplestur og frjálsir tímar eru hluti af kennslunni. Í frjálsum tímum kynnast nemendur safninu á eigin forsendum, hjálpa m.a. við útlánaþáttinn og ganga frá bókum í hillur. Unnið

með verkefni við hæfi hverju sinni ásamt gögnum á safninu. Unnið í hópum þegar það á við.

Námsgögn

Stuðst verður m.a. við bókina *Leitum og finnum á skólasafni 1* höf. Kristín Unnsteinsdóttir og Ragnildur Helgadóttir. Ýmis safngögn eru notuð ásamt verkefnum við hæfi hverju sinni, m.a. er leitað fanga á netinu.

Námsmat

Bókasafnsfræðingur metur m.a. vinnu og virkni í tímum og gefur umsögn til umsjónarkennara.

Heimanám

Ekkert.

Meningarlæsi

Meginmarkmið

Að nemendur

- kynnist helstu íslensku sem erlendu barna- og unglingabókahöfundum og verkum þeirra
- kynnist helstu greinum á sviði lista, vísinda, tækni og verkgreina í gegnum miðla skólasafnsins
- geri sér grein fyrir að til eru lög um höfundarrétt og skilji þýðingu þeirra við vinnu með upplýsingar
- sýni skilning á siðferðislegri ábyrgð sinni við framsetningu efnis á vef og í tölvupósti
- komi reglulega á safnið og kynnist því sem þar er á boðstólnum
- eflist stöðugt í lestri bæði til stuðnings námi og til skemmtunar

Efnisþættir

Barna- og unglingabókmenntir, höfundar, höfundaréttur, lestur, vefurinn,

Leiðir að markmiðum

Kennsla í menningar- og upplýsingalæsi er samofin og fer fram á bókasafninu. Hvert efni er rætt og kynnt og unnið út frá því. Upplestur og frjálsir tímar eru hluti af kennslunni. Í frjálsum tímum kynnast nemendur safninu á eigin forsendum, hjálpa m.a. við útlánaþáttinn og ganga frá bókum í hillur. Unnið með verkefni við hæfi hverju sinni ásamt gögnum á safninu. Unnið í hópum þegar það á við.

Námsgögn

Ýmis safngögn eru notuð ásamt verkefnum við hæfi hverju sinni, og er m.a. leitað fanga á netin.

Námsmat

Bókasafnsfræðingur metur m.a. virkni í tímum og gefur umsögn til umsjónarkennara.

Heimanám

Ekkert.

Myndmennt

Markmið í myndmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti nýtt sér í eigin sköpun grunnþætti myndlistar t.d. formfræði, litafræði og myndbyggingu
- geti nýtt sér mismunandi efni, verkfæri og miðla í eigin sköpun t.d. málun, teiknun, mótun og þrykki.
- þekki tengsl verkefna sem unnið er með við Listasöguna
- sýni vönduð vinnubrögð
- sýni góða framkomu og hegðun
- sýni góða umgengni um efni, áhöld og húsgögn í kennslustofu
- ljúki verkefnum og sýni góðan frágang.
- upplifi myndlist sem jákvæðan og skemmtilegan þátt í tilverunni, með eigin vinnu sem styrkir sjálfsmynd þeirra.

Leiðir að markmiðum

Við upphaf hvers verkefnis í myndmenntakennslunni skipar innlögnin mikilvægan sess, henni er síðan fylgt eftir með viðeigandi myndefni sem getur ýmist verið úr bókum, veggspjöldum, mynddiskum eða spólum. Hlustun á sögur, ævintýri, ljóð og tónlist styðja við innlögn í mörgum verkefnum .

Umræður um það sem hlustað er á og það sem fyrir augu ber. Útikennsla þar sem verkefni eru unnin á vettvangi eða unnið úr efniviði sem fenginn er utandyra, inni í kennslustofunni. Vettvangsferðir eru farnar til þess að skoða og athuga hluti og aðstæður í umhverfinu og taka myndir til þess að vinna með. Heimsóknir á sýningar og söfn þegar því verður við komið. Nemendur vinna

saman í hópum eða einstaklingslega. Þátttaka í þemavinnu í árgöngum, námshópum og minni hópum. Þátttaka í verkefnum sem aðilar utan skólans standa að t. d Listahátíð í Reykjavík og Myndlistaskólinn í Reykjavík eru leiðir sem farnar eru þegar þær eru færar

Efnisþættir

Eru litafræði, formfræði, myndbygging og Listasaga, áherslan eftir aldri nemenda. Teiknun, málun, klipp, þrykk og mótun úr fjölbreyttu efni og með ólíkum áhöldum. Í nokkrum verkefnum koma fleiri en einn þáttur við sögu og kallast það blönduð tækni.

Námsmat

Leiðbeinandi námsmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Lokamat er tvískipt og fer fram að vori. Námseinkunn er gefin fyrir frumkvæði, sköpun, vandvirkni og frágang. Vinnueinkunn er gefin fyrir áhuga, iðni, fyrirmæli, vinnulag, tillitssemi og samvinnu.

Textílmenn

Markmið myndmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- auki færni við útsaum
- læri “gamla krosssauminn”
- þjálfist í skissugerð og geri sér grein fyrir mikilvægi skissugerðar í handverki
- auki sjálfstæði í notkun eigin hugmynda og í vinnubrögðum
- þjálfist í notkun á helstu hugtökum og heitum tengdum greininni
- þjálfist í meðferð og beitingu verkfæra
- þjálfist í vönduðum vinnubrögðum og góðum frágangi

Efnisþættir

Hönnun myndverks, útsaumur, litaval.

Leiðir að markmiðum

Hópinnlögn og sýnikennsla. Kynntar þær hugmyndir og vinnuaðferðir sem áhersla er lögð á.

Nemendur skissa upp fyrirhugað verk þegar hægt er að koma því við.

Eftir það er einstaklingskennsla, kennari aðstoðar hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur í vinnuferlinu, þess er gætt að verkefni séu við hæfi hvers og eins.

Nemendum kennd rétt beiting og umgengni við vélar og verkfæri.

Áhersla er lögð á að nemandi vandi vinnubrögð og sé sjálfstæður í vinnubrögðum og þjálfist í sjálfsmati á vinnu sinni.

Auk þess er lögð áhersla á góða umgengni í stofunni, og um efni og áhöld og að nemendur taki sameiginlegan þátt í að ganga frá í stofu í lok hvers tíma þrátt fyrir að 2 umsjónarmenn veljist í hverjum tíma til endanlegs frágangs.

Í samvinnu við smiðakennara vinna nemendur ramma utan um útsaumsverkefni í hönnun og smíðatímum.

Námsgögn

Verkfæri og áhöld greinarinnar, textílefni, ullargarn, garn, bækur, blöð og vinnulýsingar.

Námsmat.

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt er hugsað til að hvetja og örva nemendur á meðan vinnunni stendur.

Lokamat er gefið að vori í tölum og er tvíþætt, námseinkunn og vinnueinkunn . Námseinkunn er byggð á færni nemandans, frumkvæði, sköpun , vandvirkni og frágang. Vinnueinkunn byggir á áhuga, tillitssemi, samvinnu og kurteisi.

Heimanám

Ekkert. En nemendur geta tekið vinnu með sér heim með leyfi kennara þegar hægt er að koma því við.

Hönnun og smíði

Markmið í hönnun og smíði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- þjálfist í notkun á helstu hugtökum og heitum tengd greininni
- þjálfist í meðferð og beitingu verkfæra
- þjálfist í réttri líkamsbeitingu við vinnu sína
- þjálfist í vönduðum vinnubrögðum og góðum frágangi
- þjálfist í sjálfstæðri hugsun í hönnun og sköpunarferli
- þjálfist í sjálfsmati
- tileinki sér góða hlustun og eftirtekt
- tileinki sér góða umgengni um efni, áhöld og starfsaðstöðu

Efnisþættir

Sjálfstæð vinnubrögð, hönnun, hugmynda- og raunstærðarteikningar, sniðagerð, hönnun og smíði á nytjahlut sem hagnýtir rafmagn og/eða rafeindatekni, smíði á nytjahlut í samvinnu við textílmennt.

Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og verkfæri sem nota þarf til smíðinnar og þáttur nemenda í mismunandi hönnunarútfærslum verkefnisins. Í tengslum við þróunarverkefnið „Orð af orði“ verður aukin áhersla lögð á orða- og hugtakainnlögn. Nemendur gera vinnuskýrslu í tengslum við eitt verkefni. Einstakir verkþættir eru útskýrðir með sýnikennslu, ýmist í hóp- eða einstaklingskennslu, eftir því sem hentar hverju sinni. Nemendur gera athuganir

á umhverfi sínu og náttúru til að dýpka skilning sinn á inntaki námsgreinarinnar. Í verkefnum nemenda reynir kennari að styðjast við samþættingu annarra námsgreina eins og kostur er.

Námsgögn

Verkfæri smíðastofunnar og ýmiskonar efni.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Lokamat er tvískipt og fer fram að vori. Námseinkunn er gefin fyrir frumkvæði, sköpun, vandvirkni og frágang. Vinnueinkunn er gefin fyrir áhuga, iðni, fyrirmæli, vinnulag, tillitssemi og samvinnu.

Heimanám

Ekkert

Heimilisfræði

Markmið í heimilisfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Markmið:

Að nemendur:

- læri um orkuefnin
- læri að vítamín skiptast í tvo flokka
- læri um stein- og snefilefni
- geri sér grein fyrir samhengi heilsu og lífstíls
- þekki ráðleggingar Lýðheilsustöðvar um æskilega samsetningu fæðunnar
- kannist við og viti fyrir hvað skammstöfunin RDS stendur
- kunnist mismunandi aðferðir við matreiðslu og bakstur
- vinni af öryggi eftir uppskrift
- temji sér sjálfstæði og frumkvæði
- temji sér góð vinnubrögð og réttar vinnustellingar
- beri saman mataræði Íslendinga fyrr og nú
- geri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis við meðferð og geymslu matvæla
- temji sér jákvæð viðhorf gagnvart matarmenningu mismunandi þjóða
- fái þjálfun í samvinnu og samstarfi og geti sett sig í spor annarra
- geti lagt gagnrýnið mat á frágang vinnusvæðis og farið að reglum kennslueldhússins

Efnisþættir:

Næringarefni, neysluvenjur og lífstíll, ráðleggingar Lýðheilsustöðvar um mataræði, RDS, vinnubrögð, vinnustellingar, mataræði fyrr og nú, meðferð og geymsla matvæla, hreinlæti.

Leiðir að markmiðum:

Innlögn verkefnis. Verkefnin eru bæði skrifleg og verkleg. Nemendur vinna saman 3 – 4 að verklegum verkefnum. Skrifleg verkefni eru einstaklingsverkefni. Lögð er áhersla á hollt fæði, bæði í skóla og heima. Búnaðar eru til léttar máltíðir og brauð bakað. Nemendur framreiða matinn, leggja á borð og ganga frá eftir matinn. Í hverjum hópi er einn verkstjóri. Hlutverk verkstjórans er að sjá til þess að allir í hópi séu virkir þátttakendur. Nemendur skiptast á að vera verkstjórar. Markmið verkstjórahlutverksins er að efla sjálfstæði, frumkvæði og ábyrgð nemenda. Hver hópur ber ábyrgð á frágangi á sínu vinnusvæði. Í tengslum við þróunarverkefnið Orð af orði er áhersla aukin á orð og hugtök sem tilheyra námsefninu.

Námsgögn:

Gott og gagnlegt, heimilisfræði fyrir 6. bekk. Gott og gagnlegt, vinnubók. Hráefni samkvæmt verkefnavali.

Námsmat:

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt og byggir á eftirfarandi þáttum; frumkvæði/sköpun, vandvirkni/frágangur, áhugi/iðni, fyrirmæli/vinnulag, tillitssemi/samvinna. Lokamat er tvískipt og fer fram að vori. Námseinkunn er gefin fyrir frumkvæði, sköpun, vandvirkni og frágang. Vinnueinkunn er gefin fyrir áhuga, iðni, fyrirmæli, vinnulag, tillitssemi og samvinnu.

Heimanám:

Ekkert

Skólaípróttir

Markmið í skólaípróttum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist stjórn á líkama sínum
- öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar
- öðlist jákvæðari sjálfsmynd
- öðlist meira áræði
- styrki gróf- og fínhreyfingar
- öðlist betra þrek og þol

Efnisþættir

Alhliða grunnþjálfun ýmsir leikir og æfingar, þrautabrautir, hringþjálfun, knattleikir, áhöld, frjálsar ípróttir, útihlaup og útivera, stöðvaprjálfun, teygjur og slökun.

Leiðir að markmiðum

Meginmarkmið skólaípróttanna er m.a. að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst ípróttanna- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt af mikilvægari markmiðum skólaípróttanna er að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka sjálfstraust þeirra og áræði. Við markmiðasetninguna er tekið mið af þroskaþáttum nemenda: skyn- og hreyfiþroska, líkams- og fagurþroska, félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska og vitsmunapróska.

Fyrstu skólaárin hafa börn yfirleitt mikla hreyfiþörf, gleðjast yfir hverjum leik og eru með rannsóknarhug. Við skipulagningu kennslunnar þarf að koma til móts við þessa þætti. Leikir og markvissar æfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhreyfingar, eru þættir sem skipa eiga stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Þá skal einnig tengja áður nefnda þætti við markvissa uppbyggingu á almennri líkamshreysti og þreki. Á fyrstu skólaárunum læra börnin smám saman að öðlast stjórn á líkama sínum og mótast sem heilsteyptir einstaklingar.

Hópinnlögn, sýnikennsla, einstaklingsaðstoð. Fjölbreytt kennsla með mikilli áherslu á leiki, jákvæðan aga og að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Námsgögn

Bækur og rit um íþróttir og leiki. Ýmis áhöld smá og stór.

Námsmat

Nauðsynlegt er að nemendur séu látnir taka þátt í stöðluðum prófum til að hægt sé að meta hreysti þeirra og byggja upp kennsluna á markvissan hátt.

Leiðsagnarmat er samofið kennlsunni og er geta nemenda metin jafnóðum

Tilgangurinn er að hvetja og örva nemendur.

Námsmat er afhent í lok skólaárs. Einkunn samanstendur af eftirfarandi þáttum:

Niðurstöður úr æfingum, prófum

Framkoma

Dugnaður og vinnusemi

Færni og framfarir

Sund

Markmið í sundi er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti synt 300 m bringusund, synt á minna en 10 mín.
- geti synt 50 m skólabaksund, stílsund
- geti synt 15 m björgunarsund með jafningja, (skólabaksundsfótatök)
- geti synt 8 m kafsund, stílsund
- geti stungið sér.
- geti synt 50 metra bringusund lágmarkstími 74.0 sek
- geti synt 25 metra skriðsund lágmarkstími 32.0 sek.
- Fræðist um gildi sundiðkunar með tilliti til almennrar líkams-og heilsuræktar
- þekki helstu öryggisatriði og samskiptareglur sundstaða
- læri að bera virðingu fyrir þörfum annarra og mismunandi getu félaga sinna

Efnisþættir

Bringusund, skriðsund, skólabaksund og björgunarsund

Leiðir að markmiðum

Í gegnum leik og keppni upplifa nemendur jákvætt viðhorf til æfinga og leikja í vatni. Æfingar og leikir í vatni auka vellíðan og styrkja samskipti. Hópkennsla er aðalformið, en einnig er leikjaformið mikið notað. Notuð verður

stöðvaþjálfun til að nemendur þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur læri að meta hættur sem geta fylgt leik í sundlaugum.

Námsgögn

Sundflá, boltar og allskonar dýr og hringir til að kafa eftir er mikið notað.

Námsmat

Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt er hugsað til að hvetja og örva nemendur á meðan vinnunni stendur.

Lokamat er gefið að vori í tveimur tölum námseinkunn og vinnueinkunn

Vinnueinkunn er byggð á ástundun framkomu og virkni í tímum. Námseinkunn byggir á mati á því hvort nemendur hafi náð markmiðum vetrarins.

Sérkennsla

Sérkennsla er eitt af kennslutilboðum skólans til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda sinna.

Í skólanum er starfrækt námsver. Hlutverk þess er að styðja við nemendur og kennara. Í námsveri starfar sérkennari, kennari, talkennari, þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúi. Nemendur fá sérkennslu ýmist í námsveri eða á vinnusvæðum þeirra. Þar er boðið upp á:

- sérkennslu fyrir nemendur sem geta ekki fylgt árganganámskrá og er kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá
- stuðning við nemendur sem þurfa tímabundna aðstoð utan bekkjar
- félagsfærniþjálfun
- kennslu í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Talkennari skólans er Heba Hallsdóttir. Hún sér um talkennslu fyrir nemendur skólans. Heba starfar í Breiðagerðisskóla á þriðjudögum og er þá einnig til viðtals og veitir ráðgjöf fyrir þá foreldra sem þess óska.

Deildarstjóri sérkennslu hefur umsjón með námsveri.

Deildarstjóri sérkennslu sér um ýmis próf og kannanir sem gerðar eru í skólanum í samvinnu við umsjónarkennara. Ennfremur leggur hann fyrir greinandi próf í lestri, stærðfræði og málþroska fyrir einstaka nemendur.

Foreldrar eru hvattir til að leita aðstoðar hans óski þeir eftir því.

Deildarstjóri sérkennslu er Kristín Pétursdóttir.

Þau próf sem lögð eru fyrir 7. bekk eru:

- Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði lögð fyrir í október
- Hraðlestrarpróf á haust- og vorönn
- Lesskilningspróf